**217. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 28. nóvember 2013 kl. 16:00.**
**Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Garðar Svansson, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Jón Gestur Viggósson, Ingi Þór Ágústsson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem einnig ritaði fundargerð.**

**1. Formannafundur ÍSÍ**

Farið yfir fyrirkomulag Formannafundarins sem haldinn verður í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal á morgun og Fjármálaráðstefnu ÍSÍ sem haldin verður í Laugardalshöll sama dag.
Forseti skýrði frá þeim ánægjulegu tíðindum að EOC hafi einróma tilnefnt Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóra ÍSÍ sem fulltrúa Evrópu til IOC Women and Sport Trophy. Tilnefningin er mikill heiður fyrir Líneyju og íslenska íþróttahreyfingu og viðurkenning á því öfluga starfi sem Líney hefur innt af hendi á alþjóðavettvangi.

**2. Ólympísk verkefni**

Friðrik Einarsson fór yfir stöðu mála varandi ólympísku verkefnin sem framundan eru.
*Sochi 2014*
Undirbúningur gengur vel. Línur eru að skýrast varðandi fjölda þátttakenda.
*YOG – Nanjing 2014*
Nýlega var haldinn fundur með forsvarsmönnum KSÍ um þátttöku U-15 ára landsliðsins í knattspyrnu í YOG í Nanjing 2014.
*Rio 2016*
Undirbúningur gengur vel.
*Evrópuleikar Baku 2015*
Framkvæmdastjóri fór yfir þær upplýsingar sem fram komu á aðalfundi EOC í síðustu viku.

**3. Smáþjóðaleikar 2015**

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning leikanna. Hún birti tillögur að hönnun merkis hverrar keppnisgreinar (pictograms) og fór m.a. yfir tímalínur og skipulag nefnda.
Skipulagsnefndinni gefin heimild til að halda áfram með hönnun merkjanna í þeim dúr sem birt var á fundinum.

**4. Íþróttamaður ársins 2013**

Farið yfir fyrirkomulag hófsins, sem verður haldið í Gullhömrum í Grafarholti 28. desember nk.

## 5. Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ

Uppfærð skipulagsskrá sjóðsins lögð fram og samþykkt. Árlegt framlag Íslandsbanka til sjóðsins er nú 2,5 m.kr. og er hluti af samningi vegna Ólympíufjölskyldu ÍSÍ.

Fram kom ábending frá Gunnlaugi Júlíussyni um hvort að ekki þyrfti að vera til sambærilegur sjóður fyrir karla.

## 6. Heiðranir

*Heiðurshöll ÍSÍ*
Hafsteinn Pálsson lagði fram tillögu Heiðursráðs ÍSÍ um að Kristín Rós Hákonardóttir fyrrum afreksíþróttakona í íþróttum fatlaðra verði útnefnd í Heiðurshöll ÍSÍ á hófi Íþróttamanns ársins 28. desember nk.
Tillagan einróma samþykkt.
Kristín Rós verður 7. einstaklingurinn sem útnefndur er í Heiðurshöllina.

*Heiðurskross ÍSÍ*
Samþykkt að sæma Helgu H. Magnúsdóttur Heiðurskrossi ÍSÍ á Formannafundi ÍSÍ 29. nóvember nk. fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

*Heiðursveitingar*
Glímufélagið Ármann hélt upp á 125 ára afmæli félagsins á dögunum. Samþykkt var með tölvupósti að heiðra eftirtalda einstaklinga við það tækifæri:
Snorri Þorvaldsson – Gullmerki ÍSÍ
Jón Þór Ólason – Gullmerki ÍSÍ
Kristín Ólafsdóttir – Silfurmerki ÍSÍ
Sigurða Sigurðardóttir – Silfurmerki ÍSÍ.
Hafsteinn Pálsson afhenti viðurkenningarnar á afmælisfagnaði félagsins 16. nóvember sl.

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur fagnar 75 ára afmæli 30. nóvember sl. Samþykkt að sæma Daníel Stefánsson, Unni Einarsdóttur og Jóhannes Helgason með Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu badmintoníþróttarinnar. Forseti ÍSÍ mun mæta í afmælishófið og afhenda viðurkenningarnar.

Hestamannafélagið Snæfellingur fagnar 50 ára afmæli félagsins 2. desember nk. Samþykkt að sæma Högna Bæringsson og Leif Kr. Jóhannesson Gullmerki ÍSÍ við þetta tækifæri. Garðar Svansson mun mæta fyrir hönd ÍSÍ og afhenda viðurkenningarnar.

## 7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 216. fundur framkvæmdastjórnar
- 25., 26. og 27. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 74. og 75. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ

  Ingibjörg Bergrós skýrði frá fyrirhugaðri gerð heimildamyndar um Kvennahlaupið í tilefni 20 ára afmælis hlaupsins á næsta ári.
- Afreks- og ólympíusvið frá 26. nóvember
- Heiðursráðs frá 29. október
-

**8. Viðburðir framundan**
Farið yfir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

**9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**
Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn 12. desember kl. 12:00.

**10. Önnur mál**
*Æðsta viðurkenning EOC - Order of Merit*
Ólafi E. Rafnssyni var veitt æðsta viðurkenning EOC, Order of Merit, á ársþingi EOC í Róm 22. nóvember sl. Gerður Guðjónsdóttir ekkja Ólafs og börn þeirra tóku við viðurkenningunni.

*Heilsufarsmælingar*
Framkvæmdastjóri skýrði frá niðurstöðum heilsufarsmælinga sem Vinnuvernd ehf gerði á stjórn og starfsfólk ÍSÍ og Íþróttamiðstöðvarinnar á dögunum. Búið er að koma ábendingum á framfæri við þá sem fóru í mælinguna.

*Bókun SSÍ*
Forseti skýrði frá bókun í fundargerð Sundssambands Íslands. Forseta og framkvæmdastjóra falið að funda með formanni SSÍ vegna málsins.

*Leikmannasamtök Íslands*
Framkvæmdastjóri skýrði frá erindi Leikmannasamtaka Íslands sem óska eftir viðurkenningu ÍSÍ á starfsemi sinni. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga um málið.

*Ferðasjóður íþróttafélaga*
Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því að búið væri að opna umsóknarsvæði Ferðasjóðs íþróttafélaga. Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 10. janúar nk. Stefnt er að úthlutun um miðjan febrúar 2014.

Aðalskipulag Reykjavíkurborgar
Rætt um nýsamþykkt aðalskipulag Reykjavíkurborgar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari